



- ÍST ISO 15489 -

Staðlar á íslensku um skjalastjórnun

Tveir alþjóðlegir staðlar tóku gildi sem íslenskir staðlar 1. maí síðastliðinn. Um er að ræða skjalastjórnunarstaðlana ÍST ISO 15489-1 *Upplýsingar og skjalfesting – skjalastjórn – 1. hluti: Almenn atriði* og ÍST ISO/TR 15489-2 *Upplýsingar og skjalfesting – skjalastjórn – 2. hluti: Leiðbeiningar*. Staðlarnir eru hvor um sig bæði á ensku og íslensku. Hægt er að panta staðlana nú þegar á heimasíðu Staðlaráðs, www.stadlar.is.

Ómissandi saman

Í staðlinum ÍST ISO 15489-1 segir meðal annars: „Í þessum hluta ISO 15489 er veitt leiðsögn um skjalastjórn í fyrirtækjum og stofnunum þar sem skjöl eru mynduð, hvort heldur sem er opinberum fyrirtækjum eða einkafyrirtækjum, fyrir bæði innri og ytri viðskiptavinum. Mælt er með öllum þáttum sem lýst er í þessum hluta ISO 15489 til þess að tryggja að viðhlítandi skjöl séu mynduð, fönnguð og þeim stjórnað. Verklagsreglur sem nýtast til að tryggja skjalastjórn samkvæmt þeim meginreglum og þáttum sem lýst er í þessum hluta ISO 15489 eru settar fram í

ISO/TR 15489-2 (Leiðbeiningar). Þessi hluti ISO 15489

- gildir um skjalastjórn á hvaða sniði eða miðli sem skjölin eru, mynduð eða móttækin af hvaða opinberu fyrirtæki eða einkafyrirtæki sem vera skal eða af einstaklingi sem hefur það starf með höndum að mynda skjöl og sjá um að halda þau
- veitir leiðsögn um ákvarðanir sem snerta ábyrgð fyrirtækja á skjölum og skjalastefnu, verklagsreglur, kerfi og ferli fyrir skjöl,
- veitir leiðsögn um skjalastjórn til stuðnings við gæðaumhverfi til þess að hlíta stöðlunum ISO 9001 og ISO 14001,
- veitir leiðsögn um hönnun og innleiðingu skjalakerfis,
- en tekur ekki til skjalavörslu og varðveislu skjala í varðveislustofnunum.”

Umfangi ÍST ISO/TR 15489-2 er lýst svo: „Þessi hluti ISO 15489 er leiðarvísir um innleiðingu á ISO 15489-1 til nota fyrir sérfræðinga í skjalastjórn og þá sem gegna því starfi að stjórna skjölum í fyrirtækjum sínum. Í honum er sett fram ein tiltekin aðferðafræði sem auðveldar innleiðingu á ISO 15489-1 í öllum fyrirtækjum þar sem þörf er á að skjölum sé stjórnað. Gefið er yfirlit yfir þau ferli og þætti sem þarf að huga að í fyrirtækjum þar sem vilji er til að hlíta staðlinum ISO 15489-1.”

Staðlarnir tveir eru ætlaðir hvor með öðrum og mynda saman eitt öflugt verkfæri fyrir skjalastjórnun.

Íslensk þýðing staðlanna var gerð að frumkvæði hagsmunaaðila. Að henni kom tækninefnd um útgáfu og þýðingu ISO 15489, sem starfar á vegum Staðlaráðs Íslands. Tækninefndina skipuðu: Andrés Erlingsson, Ásgerður Kjartansdóttir formaður, Björk Ingimundardóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Kristjana Kristinsdóttir, Sigmar Þormar, Stefanía Júlíusdóttir. Sveinn V. Ólafsson var ritari nefndarinnar.

HANDBÓK UM GÆÐASTJÓRNUN

ISO 9000 kjarnastaðlarnir - hljóma betur saman

Kjarnastaðlarnir fjórir í ISO 9000 röðinni í einni bók:



- ISO 9000
- ISO 9001
- ISO 9004
- ISO 19011

Þeir sem eiga þessa bók ásamt handbókinni ISO 9001 fyrir litil fyrirtæki – Leiðsögn, hafa við höndina þau rit sem mestu skipta í gæðastjórnun.

Pantaðu í síma 520 7150 eða á www.stadlar.is



Skjöl verða til í öllum atvinnugreinum og allstaðar er þörf á því að skjölum sé stjórnað.

ÍST 170 Háspennuvirki - bls. 4

Umhverfisstjórnun - bls. 3

Mætvælaöryggi - bls. 2

- Væntanlegur staðall -

ISO 22000 í íslenskum matvælaíðnaði

Oft velta menn fyrir sér hver sé ávinningur gæðastýringar. Svárið er ekki einfalt en flestir eru sammála um að vinnubrögð verði skipulagðari, varan öruggari, vörugæði aukist, traust viðskiptavinarins vaxi og að starfsfólk verði ánægðara. Þegar til lengri tíma er litið má leiða að því líkum að arðsemi batni.

Skapar tækifæri

Góðir hlutir gerast með skipulagningu, slæmir hlutir gerast af sjálfu sér. Þessi setning á svo sannarlega við um framleiðslu matvæla. Þegar koma upp stór áföll eins og matarsjúkdómar eru þau augljóslega ekki fyrirfram skipulögð heldur gerast þau fyrir einhverskonar mistök. Staðlar eru gott verkfæri til að auðvelda markvissa gæðastýringu. Ég fagna tilkomu alþjóðlegs matvælastaðals sem tekur bæði á öryggis og gæðamálum í allri matvælakeðjunni. Möguleikar skapast fyrir matvælaframleiðendur og birgja þeirra að samræma verklag við gæðastýringu og gera þannig meðhöndlun matvæla öruggari, allt frá frumframleiðslu til lokaafurðar. Með staðlinum skapast jafnframt tækifæri fyrir úttektaaðila til að samræma kröfur og eftirlit. Mörg matvæla fyrirtæki fá til sín hina ýmsu úttektaaðila. Þar má nefna mismunandi innlenda eftirlitsaðila sem taka út eftir reglugerðum sem eru ólíkar eftir atvinnuráðuneytum, fulltrúa kaupenda og erlendra eftirlitsaðila bæði frá Evrópu og Bandaríkjunum sem nota mismunandi staðla til úttekta. Ætla má að þessir aðilar geti treyst úttekta vottunaraðila og sparast þannig bæði tími og kostnaður.

Tilkoma staðalsins getur einnig verið kjörið tækifæri fyrir fyrirtæki til að sýna frumkvæði í gæðamálum. Stundum þróast málin þannig að tilgangur gæðastýringar verður einungis

að uppfylla lágmarkskröfur sem gjarnan eru kröfur opinberra aðila. Þarna skapast hins vegar tækifæri fyrir iðnaðinn að breyta þessari hugmyndafræði og taka frumkvæði í gæðamálum.

Ábyrgð stjórnenda

Reynslan sýnir að innra eftirlit í framkvæmd virkar oftast en ekki þannig að kröfur eru gerðar niður á við í skipuriti fyrirtækisins. Ef eitthvað fer úrskaiðis er ábyrgðin gjarnan sett á starfsmanninn sem vann verkið. Staðreyndin er hins vegar oft sú að ef hann hefði fengið markvissa þjálfun og skýrar vinnuleiðbeiningar hefði mátt koma í veg fyrir mistökin. Ábyrgð æðstu stjórnenda er meðal annars sú að skapa millistjórnendum og gæðastjóra svigrúm til þess að fara eftir gæðakerfi og sjá almennum starfsmönnum fyrir fullnægjandi þjálfun. Í ISO 22000 felast ótvíræðar kröfur til þátttöku allra stjórnenda í gæðakerfi fyrirtækisins.

Kostnaður

Tilkostnaði við gæðakerfi má skipta í þrennt:

1. *Vinna við uppsetningu.* Ef virkt innra eftirlit er til staðar ætti slíkur kostnaður að vera óverulegur.
2. *Vinna við rekstur.* Vel uppbyggt gæðakerfi dreifir ábyrgð og vinnu á marga svo vinna við gæðakerfið verður hluti af annarri vinnu. Þessi kostnaðarliður fer því eftir eðli starfseminnar og getur verið erfitt að meta hann.
3. *Kostnaður við vottunarúttektir.* Þessi kostnaður er þó nokkur, en ekki er endilega nauðsynlegt að fá vottun þó unnið sé eftir staðlinum. Vottað gæðakerfi og úttektir sem því fylgja er hins vegar gott aðhald.



Valgerður Ásta Guðmundsdóttir, gæðastjóri og ráðgjafi hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf., fjallar um væntanlegan staðal um matvælaöryggi.

Reynsla Sýnis ehf.

Rannsóknarþjónustan Sýni hefur verið með faggildingunni samkvæmt ISO 17025 frá árinu 2000. Það hefur leitt til aukins trausts viðskiptavinarins gagnvart fyrirtækinu og innan fyrirtækisins hefur skapast aukið sjálfsöryggi og aukin starfsánægja. Segja má að áður en gæðakerfið var tekið í notkun hafi fyrirtækið starfað eftir innra eftirliti sambærilegu við það sem flest matvæla fyrirtæki eru með í dag. Þegar ákveðið var að hefja vinnu við faggilt gæðakerfi þá var það skrifað „utan um starfsemina“ en ekki öfugt. Um leið var tækifærið notað til þess að laga það sem við töldum mega fara betur. Þegar upp er staðið má segja að við séum að vinna sömu verkefni með sama starfsfólkinu en hjá öðru og betra fyrirtæki.

- Ný útgáfa -

Umhverfisstjórnunarstaðallinn ISO 14001

Þann 15. júní 2004 tekur gildi ný útgáfa staðalsins ISO 14001. Eldri útgáfan hefur verið í gildi frá 1996. Markmiðið með nýju útgáfunni er ekki síst að samræma heiti og hugtök við málfarið sem notað er í ISO 9000 gæðastjórnunarstöðlunum. Þau fyrirtæki sem þegar hafa vottun í samræmi við ISO 14001 staðalinn þurfa að fara yfir umhverfisstjórnunarkerfið og laga það að breyttum kröfum nýju útgáfunnar.

Þetta helst

Fyrst er að tryggja samræmi í notkun hugtaka, en þau eru skilgreind í þriðja kafla staðalsins. Helstu hugtökin eru: *Úttektarmáður* (Auditor), *stöðugar umbætur* (Continual improvement), *úrbætur* (Corrective action), *skjal* (Document), *innri úttekt* (Internal audit), *frábrigði* (Nonconformity), *verklag* eða *verklagsregla* (Procedure) og *skrá* (Record). Í nýrri útgáfu staðalsins er lögð ríkari áhersla á að sífellt sé unnið að umbótum í umhverfismálum og að umbæturnar séu skjalfestar (kafla, 4.1). Í góðu umhverfisstjórnunarkerfi er þessari kröfu væntanlega þegar mætt.

Auknar kröfur eru gerðar til umhverfisstefnu fyrirtækisins. Tryggja þarf að stefnan sé kynnt öllum sem starfa í þágu fyrirtækisins. Hér er breyting frá fyrri útgáfu þar sem skilyrt er að umhverfisstefna sé ekki einungis kynnt og aðgengileg starfsmönnum fyrirtækisins; stefnuna þarf líka að kynna verktökum og þeim sem vinna í skamman tíma fyrir fyrirtækið.

Í nýju útgáfunni er skýrar kveðið á um skilgreiningu *umhverfisþátta* (kafla, 4.3.1). Helsta breytingin er að fyrirtækið þarf að gera ráð fyrir því í verklagsreglu(m) að borin séu kennsl á umhverfisþætti starfseminnar, þ.e. rýna þarf starfsemina m.t.t. umhverfisþátta. Niðurstöðu rýnnar skal skjalfesta. Slík formleg rýni var ekki krafa í eldri útgáfu staðalsins.

Í kaflanum um *lagalegar kröfur og aðrar kröfur*

(kafla, 4.3.2) er aukin áhersla lögð á að kröfurnar séu ekki aðeins vaktaðar, heldur sé því lýst hvernig innleiða á kröfurnar og tryggja að tekið sé fullt tillit til þeirra í framþróun umhverfisstjórnunarkerfisins.

Kaflarnir sem fjalla um stefnumið og markmið og framkvæmdaráætlun um stjórnun umhverfismála (kaflar 4.3.3. og 4.3.4) eru sameinaðir í einn kafla sem fjallar um *markmið, takmörk og áætlanir* (kafla 4.3.3 í nýju útgáfunni). Þessi breyting er ekki mikil frá fyrri útgáfu. Aukin áhersla er lögð á að markmiðin séu mælanleg ef hægt er að koma því við og tekið sé tillit til krafna í lögum og reglum.

Í kafla 4.4, sem fjallar um *innleiðingu og starfrækslu* (áður framgang og rekstur), er aðallega um að ræða orðalagsbreytingar. Í kafla 4.4.2 er skýrar dregin fram skylda til að tryggja að allir sem vinna verk fyrir fyrirtækið hafi getu til þess á grundvelli hæfni, þjálfunar og vitundar (áður *þjálfunar, skilnings og hæfni*).

Kafla 4.5 ber núna yfirskriftina *gátun og úrbætur* (gátun er þýðing á orðinu checking). Fleiri nýyrði er að finna í þessum kafla, t.d. nýyrðið hlítung (þýðing á compliance).

Í kafla 4.5.2, sem hefur hlotið yfirskriftina *mat á hlítungu*, er að finna helstu breytinguna frá fyrri útgáfu staðalsins. Kveðið er á um verklagsreglu þar sem skjalfest er hvernig fyrirtækið ætlar að sýna fram á að kröfum sem fram eru settar um umhverfismál sé hlítt. Í eldri útgáfu þurfti eingöngu að gera þetta varðandi atriði sem tengdust kröfum sem fram eru settar í lögum og reglum. Hér er bætt við öðrum kröfum sem fyrirtækið hefur kosið að fylgja. Til að mæta þessari breytingu þurfa vottuð fyrirtæki að fara yfir þær skrár sem þau nota nú þegar. Fylgjast þarf með því hvort kröfum sé hlítt og sjá til þess að þær nái til allra umhverfisþátta sem ákveðið hefur verið að fylgjast með. Tryggja þarf að skráðar niðurstöður séu geymdar.



Guðjón Jónsson, hjá VSÓ Ráðgjöf, fjallar um nýmæli í nýrri útgáfu ISO 14001.

Kafla 4.6 fjallar um *rýni stjórnenda*. Þar er nú skýrar kveðið á um viðfangsefni rýnnar. Ekki er líklegt að þessi breyting kalli á breytingar á framkvæmd rýnnar eins og hún er hjá fyrirtækjum með vottuð umhverfisstjórnunarkerfi.

Aðrar breytingar eru einkum orðalagsbreytingar og aðlögun að texta ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlanna.

Ekki mikið mál

Smávægilegar breytingar gætu orðið við lokafrágang staðalsins fyrir útgáfu. Niðurstaða mín er sú að breytingar frá fyrri útgáfu séu ekki miklar. Breytingar eru einkum fólgnar í því að skýrar er kveðið á um kröfur umhverfisstjórnunarkerfisins. Fyrirtæki sem eru með vottað umhverfisstjórnunarkerfi ættu að eiga auðvelt með að laga kerfi sitt að nýju útgáfunni, sem gerir fyrirtækjum á engan hátt erfiðara fyrir að innleiða umhverfisstjórnunarkerfi, heldur þvert á móti.



- ÍST 170 -

Nýr staðall á háspennusviði

Búið er að staðfesta staðalinn ÍST 170 *Háspennuvirki fyrir riðspennu yfir 1 kV*. Staðallinn er þýðing á evrópsku samræmingarskjölunum HD 637, með þremur íslenskum sérákvæðum. Staðallinn inniheldur ákvæði um hönnun og setningu raforkuvirkja með riðspennu yfir 1 kV. Löggildingarstofa lét á sínum tíma þýða fyrrgreind samræmingarskjöl á íslensku.

Sömu kröfur í Evrópu og á Íslandi

Fagmenn á rafmagnssviði hafa lengi beðið eftir þessum staðli því reglur á íslensku sem ná yfir hönnun og setningu háspennuvirkja

hafa hingað til verið mjög takmarkaðar og oft gert mönnum erfitt fyrir. Er þar fyrst og fremst um að ræða kafla 3.2 í reglugerð um raforkuvirki, ásamt orðsendingu Löggildingarstofu nr. 2/84, „Reglur um setningu háspennuvirkja.“ Með útgáfu staðalsins ÍST 170 er komið á fullt samræmi milli þeirra krafna sem gilda í Evrópu og krafna hér á landi.

Nauðsynlegur öllum raforkufyrirtækjum

Skoðunarstofur á rafmagnssviði munu framvegis nota staðalinn við úttektir á háspennuvirkjum. Það er því nauðsynlegt að staðalinn sé aðgengilegur hjá öllum raforku-

*Jóhann Ólafsson, deildarstjóri
á rafmagnsöryggisdeild
Löggildingarstofu, skrifar um
nýjan staðal á háspennusviði.*



fyrirtækjum landsins og hjá þeim aðilum sem hafa réttindi til starfa við fyrmefnd virki.

Á næstunni mun Löggildingarstofa vísa til staðalsins í reglugerð um raforkuvirki. Jafnframt verða feld í burtu ákvæði eldri reglugerðar og orðsendinga sem gilt hafa til þessa um sama efni.

Staðalinn má panta á www.stadlar.is.

Sveinn hættir, Sigurður tekur við

Mannabreytingar hafa orðið hjá Staðlaráði. Sveinn V. Ólafsson hættir og við starfi hans tekur Sigurður Freysson, verkfræðingur. Sigurður mun

taka við verkefnum Sveins á sviði gæðamála og umhverfismála til að byrja með. Sveinn mun áfram leiðbeina á námskeiðum Staðlaráðs og væntanlega koma að starfi

fagstjórnar í gæðamálum. Sveini eru þökkun farsæl störf á liðnum árum og Sigurður Freysson boðinn velkominn.



Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú flýgur

Nýja breiðpotan Airbus 380 tók flugið í sumar. Jómfrúarflug þessarar heimsins stærstu farþegavélar tókst meðal annars vegna þess að „um borð“ voru 350 mismunandi íslenskir staðalar.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjörtur Hjartarson.